

Námsmat í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Námsmat í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar (GF) fylgir áherslum sem kynntar voru með nýrri Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013. Í henni birtist heildarstefna stjórnvalda í menntamálum sem byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Samkvæmt Aðalnámskrá er skólum skylt að marka sér stefnu í skólamállum sem birtist í skólanámskrá.

Í GF er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og vel skilgreint námsmat. Hæfniviðmið Aðalnámskrár í hverri grein fyrir sig er sá grundvöllur sem nám, kennsluhættir og námsmat eiga að byggja á. Í skólanámskrá kemur fram hvaða hæfniviðmið og matsviðmið liggja til grundvallar í hverri námsgrein enda eiga nám, kennsla og námsmat að haldast í hendur.

Megininntak Aðalnámskrár um námsmat

1. Markmið náms og kennslu skal jafnan vera hæfni nemanda.

Markmið náms skal jafnan vera hæfni nemenda. Lýsingar á markmiðum náms heita nú **Hæfniviðmið** og beinast nú alfarið að því sem nemandinn á að geta gert við lok námstíma/námsslotu.

2. Einkunnir skulu styðjast við lýsingar aðalnámskrár á hæfni nemenda.

Allir nemendur í GF eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár í flestum greinum. **Miðannarmat**, sem birtist í janúarmánuði ár hvert, byggir á hæfnikortum nemenda og metin samkvæmt matskvarða með táknum (framúrskarandi ★, hæfni náð ✓, á góðri leið ✦, þarfnast þjálfunar ☐ og hæfni ekki náð ✗). **Lokamat** að vori, byggir einnig á hæfnikorti nemenda þar sem tekin er saman færni nemenda í hverri grein fyrir sig. Matskvarðarnir eru settir fram á neðangreindu formi:

Einkunnir fyrir 8.-10. bekk

Einkunnir skulu miðast við fyrirfram skilgreindar hæfnilýsingar. Lokaeinkunnir á vori skulu gefnar á neðangreindum meginmatskvarða fyrir **8.-10. bekk** - finna skal þá einkunn sem best passar hæfni nemandans hverju sinni.

A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
B+	Hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
C+	Hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
*	Stjórnumerkta einkunnir fá þeir nemendur sem stundað hafa nám sitt að fullu eða að hluta eftir aðlagðri námskrá og viðmiðum í samræmi við metnar sérþarfir, en ekki samkvæmt hæfni og matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

Kvarðinn er síðan útfærður fyrir hverja námsgrein og aldur nemenda. Almennt gildir að ef nemandi uppfyllir í öllum meginatriðum þá hæfni sem stefnt er að, skal hann að lágmarki fá einkunnina B. Hærri einkunn kemur aðeins til greina ef nemandinn hefur sýnt óvenju mikinn stöðugleika eða afburðahæfni í faginu. Einkunnin C þýðir almennt að nemandinn hefur ekki náð allri þeirri hæfni sem stefnt er að. Leyfilegt er að gefa einkunnirnar B+ og C+ ef nemandinn er á mörkum þess að ná einkunnunum A og B.

Einkunnir fyrir 1.-7. bekk

Einkunnir skulu miðast við fyrirfram skilgreindar hæfnilýsingar. Lokaeinkunnir á vori skulu gefnar á neðangreindum meginvarða fyrir **1.-7. bekk** - finna skal þá einkunn sem best passar hæfni nemandans hverju sinni.

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Hæfni ekki náð

3. Aukin áhersla er á endurgjöf og leiðsögn til nemandans, þannig að matið nýtist nemandanum til að bæta sig.

Áhersla skal lögð á reglulega endurgjöf og leiðsögn til nemandans. Hér gegna hæfnilýsingarnar lykilhlutverki því endurgjöf og leiðsögn skila bestum árangri ef nemandinn og kennarinn hafa sameiginlegan skilning á lokatakmarkinu.

Í aðalnámskrá er bæði að finna **hæfniviðmið** fyrir 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk. Einnig er þar að finna sérstök **matsviðmið** fyrir 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk í grunngreinum, íslensku, stærðfræði og ensku. Önnur viðmið eiga grunnskólarnir sjálfir að útbúa hver um sig. Það er því óhætt að segja að skólum sé gefið mikið frelsi um útfærsluna og þar af leiðandi falin mikil ábyrgð.